

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Sjálfkjörinn í stjórnina er organleikarinn við dómkirkjuna í Reykjavík. Hinir tveir skulu kosnir af bæjarstjórn höfuðstaðar Íslands.

66

14. febr.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana skipulags-skrána, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber ennfremur að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón bæjarstjórnar höfuðstaðarins. Hún kys ár hvert tvo endurskoðendur og úrskurðar reikninga sjóðsins og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurðum hennar sé fram fylgt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikninga sjóðsins í Lögbirtinga-blaðinu

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

REGLUGERÐ

67

22. febr.

um eftirlitsgjald.

1. gr.

Til þess að standast kostnað við eftirlit með eftirgreindum vörum, sem fluttar verða hingað til lands eða framleiddar verða hér á landi, skal greiða gjald, sem innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs, eins og hér segir:

Nr.	Vara	Gjald- eining	Vöru- magns- gjald Aurar
1	Aldinsulta og aldinmalk	1 kg	2
2	Aldinsafi og aldinsöft	1 l	2
3	Litað sykurvatt með kjörnum	—	2
4	Kaffibætir	1 kg	2
5	Kaffilíki	—	2
6	Kaffilíkisblöndur	—	2
7	Kaffi, hverskonar	—	2
8	Kakaóduft	—	2
9	Kakaómalt	—	2
10	Súkkulaði, hverskonar	—	3
11	Gosdrykkir, hverskonar	1 l	1
12	Edik og ediksýra	1 kg	3
13	Krydd og kryddvörur	—	6

Gjaldið skal reikna eftir magni varanna án umbúða. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil gjaldeining, en minna broti skal sleppt. Lágmarksgjald skal verða kr. 0.50.

67 Ákvæði tolllaga, þar á meðal 19. gr. laga nr. 62 30. desbr. 1939, um tollskrá o. 22. febr. fl., skulu gilda um eftirlitsgjaldið eftir því, sem við á.

2. gr.

Iðnsúkkulaði og vörur þær, sem taldar eru í 1. gr. sem nr. 1, 2, 3 og 12, eru undanþegnar eftirlitsgjaldi við innflutning, ef viðtakandi varanna rekur innlent iðnaðarfyrirtæki, þar sem úr vörum þessum eru framleiddar vörutegundir, sem greitt er eftirlitsgjald af við framleiðslu, og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að vörur þessar verði notaðar þannig.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 1. febr. 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum, öðlast þegar gildi.

Með reglugerð þessari eru úr gildi numin:

- 7. gr. reglugerðar nr. 50 20. júlí 1936, um aldinsultu og aldinm auk.
- 9. gr. reglugerðar nr. 51 20. júlí 1936, um aldinsafa og aldinsóft.
- 6. gr. reglugerðar nr. 52 20. júlí 1936, um kaffibæti og kaffilíki.
- 8. gr. reglugerðar nr. 53 20. júlí 1936, um kaffi.
- 8. gr. reglugerðar nr. 54 20. júlí 1936, um kakaó og kakaóvörur.
- 11. gr. reglugerðar nr. 111 10. septbr. 1936, um gosdrykki.
- 7. gr. reglugerðar nr. 128 17. desbr. 1936, um edik og ediksýru.
- 8. gr. reglugerðar nr. 129 17. desbr. 1936, um krydd og kryddvörur.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 22. febrúar 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Gústav A. Jónasson.

68
24. febr.

REGLUGERÐ

um sérstakan tímareikning.

Samkvæmt lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

Frá og með 25. febrúar 1940 þar til öðrúvísi kann að verða ákveðið, skal hafa sérstakan tímareikning á Íslandi, þannig að klukkan verði færð fram um eina klukkustund frá svonefndum íslenskum meðaltíma.

Þetta kemur til framkvæmda þannig, að klukkan 2 eftir miðnætti eftir íslenskum meðaltíma aðfaranótt sunnudagsins 25. febrúar, færist klukkan fram um eina klukkustund og verður 3.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. febrúar 1940.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.